

# Fréttatilkynning frá Hagsmunasamtökum heimilanna vegna tilmæla Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlits

**Hagsmunasamtök Heimilanna**  
-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstöð samfélagsins



[www.heimilin.is](http://www.heimilin.is) - [heimilin@heimilin.is](mailto:heimilin@heimilin.is)

Í morgun sendu Seðlabanki Íslands (SÍ) og Fjármálaeftirlit (FME) frá sé tilmæli til fjármálafyrirtækja um vaxtaviðmið vegna gengistryggðra lána. Hagsmunasamtök heimilanna furða sig á þessari íhlutun SÍ og FME í frjálsa samninga lántaka og lánveitenda. Ekkert í úrskurði Hæstaréttar 16.júní sl. gefur tilefni til þess og samtökin sjá ekki betur en að verið sé að hvetja fjármálafyrirtækin til lögbrota. Vilja þau því til stuðnings benda á að 36. gr. laga nr. 7/1936, samningalaga, og tilskipun ESB 93/13/EBE, neytendaverndartilskipun, veita neytendum ríkan rétt þegar kemur að ágreiningi um túlkun samninga. Í b-lið greinarinnar segir:

„Skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefur neytanda kost á, skal vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem nefndur er í 1. mgr. 36. gr. a skal túlka samninginn neytandanum í hag.“

Samtökin sjá ekki betur en að SÍ og FME hafi ákveðið að þessi lagagrein hafi ekkert gildi.

Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar neita SÍ og FME að hafa lagalega skoðun á þeim afurðum sem fjármálafyrirtækin bjóða viðskiptavinum sínum og fela þeim sjálfum að úrskurða um lögmæti eigin samninga. Hvernig geta SÍ og FME sinnt eftirlits- og ábyrgðarhlutverki sínu á hag- og fjármálakerfi þjóðarinnar ef þeir hafa ekki lagalega skoðun á afurðum kerfisins og hlusta einungis á kröfur fjármálakerfisins um túlkun dómsvaldsins?

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja allar lánastofnanir, sem veitt hafa lán er gætu fallið undir dóma Hæstaréttar nr. 92/2010 og 153/2010, að stöðva allar innheimtuaðgerðir vegna þeirra lána hvort heldur þau voru veitt til einstaklinga eða fyrirtækja. Að minnsta kosti skal takmarka innheimtu við upphaflega greiðsluáætlun, þ.e. án allra breytinga á gengi, og við upphaflegu vaxtakjör samninganna, enda breytti Hæstiréttur þeim ekki að neinu leyti. Samtökin hvetja því fjármálafyrirtæki til að fara ekki að tilmælum FME og SÍ, enda geta fjármálafyrirtæki, SÍ og FME bakað sér skaðabótaskyldu verði þessum tilmælum fylgt eftir.

Verði innheimtu á gjalddaga lána ekki háttáð í samræmi við ákvæði lánasamninga að teknu tilliti til niðurstöðu Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingarinnar, sjá Hagsmunasamtök heimilanna sér ekki annað fært en að óska eftir því við ASÍ, Neytendasamtökin og FÍB að þau nýti sér rétt sinn til að óska eftir lögbanni við innheimtu fjármálafyrirtækjanna. Þessir aðilar hafa hver um sig heimild samkvæmt lögum til að óska eftir slíku lögbanni enda sé það gert með neytendaverndarsjónarmið í huga.

Burt séð frá öllum lagalegum atriðum, þá liggja bæði siðferðisleg og viðskiptaleg sjónarmið fyrir því að innheimtu lána sé frestað eða takmörkuð við upphaflega greiðsluáætlun. Viðskiptasamband fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra hefur beðið verulegan hnekki á undanförunum árum. Fjármálafyrirtækin hafa mörg sýnt viðskiptavinum sínum ótrúlega óbilgirni og ágang, þó vissulega séu líka dæmi um lipurð og sveigjanleika. Nú telja Hagsmunasamtök heimilanna komið að því að fjármálafyrirtæki taki nokkur skref til baka og hugsi sinn gang. Hvert er það viðskiptasamband sem fyrirtækin vilja hafa við viðskiptavinum sína og hvernig geta þau bætt fyrir þann skaða sem þau eða forverar þeirra hafa valdið

viðskiptavinum sínum með ólöglegum lánveitingum, ólöglegum innheimtum og ólöglegum aðförum að ekki sé talað um aðra og alvarlegri þætti. Höfum í huga að heimilin eru mikilvægasti fjárfestir þessa lands og ef ekki væri fyrir heimilin, þá væru engin fjármálafyrirtæki.

En fátt er svo með öllu illt... Hagsmunasamtök heimilanna sjá í fálmkennendum tilburðum SÍ og FME til að breyta dómsniðurstöðu Hæstaréttar viðurkenningu stofnanna á því að mun stærri hluti lána fjármálafyrirtækjanna falli undir dóma Hæstaréttar nr. 92/2010 og 153/2010 en fjármálafyrirtækin hafa hingað til viljað viðurkenna. Varla væri verið að koma með þessi tilmæli ef vandinn einskorðaðist við bílalán.

Hagsmunasamtök heimilanna telja framangreinda dóma Hæstaréttar skýra. Leigusamningar eru lánasamningar, samningar þar sem gjaldeyrir skipti ekki um hendur eru í íslenskum krónum, gengistrygging er ólöglegt verðtrygging og skuli því falla niður og að það sem ekki var breytt með dómunum standi óbreytt. Geri fjármálafyrirtækin ágreining um þetta, þá er það eðlilegt og sjálfsagt að þau leiti með slíkt til dómstóla og þá verði mikilvægt að slík dómsmáli hljóti flýtimeðferð, þannig að niðurstöður um ágreininginn leysist hratt og vel. Það er einkennileg niðurstaða hjá stofnum sem eiga að gæta hlutleysis, þrátt fyrir tilvísun þeirra til þjóðarhagsmuna (sem samtökin hafa efasemdir um að standist), að færa byrðina af ágreiningnum frá fjármálafyrirtækjum til neytenda.

Hagsmunasamtök heimilanna  
[www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)